

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Fuglalíf í Dyrhólaey

**María Harðardóttir og
Einar Ólafur Þorleifsson**

Unnið fyrir Náttúruvernd ríkisins

NÍ-00003

Reykjavík, mars 2000



Fuglalíf í Dyrhólaey

**María Harðardóttir og
Einar Ólafur Þorleifsson**

Unnið fyrir Náttúruvernd ríkisins

NÍ-00003

Reykjavík, mars 2000



Náttúrufræðistofnun Íslands

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
1 INNGANGUR	3
2 STAÐHÆTTIR	3
3 TILTÆK GÖGN	3
4 ADFERDIR	3
5 FUGLAR	4
5.1 Sjófuglar	7
5.1.1 Varpfuglar	7
5.1.2 Sjófuglar sem eru ekki skráðir sem varpfuglar	9
5.2 Mófuglar	10
5.2.1 Varpfuglar	10
5.2.2 Mófuglar sem eru ekki skráðir sem varpfuglar	11
5.3 Andfuglar	12
5.3.1 Varpfuglar	12
5.3.2 Andfuglar sem eru ekki skráðir sem varpfuglar	13
5.4 Aðrir fuglar	14
5.4.1 Varpfuglar	14
5.4.2 Aðrir fuglar sem eru ekki skráðir sem varpfuglar	14
6 DREIFING FUGLA	15
7 TALNINGAR	16
8 NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	18
9 RITASKRÁ	19
10 VIÐAUKAR	20

TÖFLUR

1. tafla. Va þfuglar Dyrhólaey	5
2. tafla. Fuglar í Dyrhólaey sem teljast ekki til varpfugla	6
3. tafla. Staðsetning sjófugla í Dyrhólaey í júní 1999	16

KORT

1. kort. Kort sem sýnir búsvæði nokkurra sjófugla í Dyrhólaey í júní 1999
2. kort. Skipting Dyrhólaeyjar í talningasvæði í sjófuglatalningum 1981 og 1999

1 INNGANGUR

Í bréfi dagsettu þann 16. apríl 1999 fór Ragnar Frank Kristjánsson, fyrir hönd Náttúruverndar ríkisins, þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að gerð yrði samantekt á þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á fuglalífi í Dyrhólaey og að útbúið yrði kort er sýnir mismundandi búsvæði fugla á eyinni. Markniðið var að fá upplýsingar um fuglalíf fyrir deiliskipulag Dyrhólaeyjar sem Mýrdalshreppur og Náttúruvernd ríkisins vinna að í samvinnu við Þráinn Hauksson landslagsarkitekt.

2 STADHÆTTIR

Dyrhólaey er í Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. Hún er um 120 m hár höfði, 510 ha að flatarmáli. Sá hluti höfðans sem snýr að sjó og í vestur er þverhnipt standberg en norðurhlutinn er aflíðandi brekka. Suður úr Dyrhólaey gengur mjór klettatangi, Tóin, og í gegnum hana er gat (dyrin). Vesturhluti eyinnar, Háey, er úr móbergi en austurhlutinn, Lágey, úr grágrýti. Eyjan er vel gróin. Líklegt er talið að Dyrhólaey hafi myndast á hlýskeiði seint á ísöld við gos í sjó. Norðan og austan við eyna er stórt lón, Dyrhólaós, með útfalli um Eiði austan við eyjarhornið. Úti fyrir Dyrhólaey eru nokkrir klettadrangar sem einu nafni nefnast Dyrhóladrangar. Dyrhólaey hefur verið friðlýst síðan 1978 og árið 1982 var byrjað að loka eyinni fyrir umferð um varptíma, þ.e. frá 1. maí til 25. júní.

3 TILTÆK GÖGN

Á liðnum áratugum hefur talsvert verið skrifað um fuglalíf í Dyrhólaey og er þar einkum um að ræða ýmsar greinar um sjófugla (Arnþór Garðarsson 1989, 1995, 1996, Reinsch 1972, Þorsteinn Einarsson 1973, 1987). Um fuglalíf almennt skrifaði Einar H. Einarsson (1972, 1983, 1984).

Á Náttúrufræðistofnun Íslands eru til gögn úr athugunum í Dyrhólaey árið 1981 sem hafa ekki verið birt og var notast við þau. Að auki voru notaðar upplýsingar úr dagbókum Einars Ó. Þorleifssonar og munnlegar upplýsingar frá Stefáni Gunnarssyni, Karli Ragnarssyni og Tómasi G. Gunnarssyni.

4 AÐFERÐIR

Farið var í Dyrhólaey dagana 4.–5. júní 1999 til að kortleggja búsvæði fugla og afla almennra upplýsinga um fuglalíf í eyinni. Áhersla var lögð á að staðsetja og meta umfang sjófuglavarpa uppi á eyinni, þ.e. æðarvarps, kríuvarps og sílamáfsva ps, um leið og gerð var gróf áætlun um fjölda para í hverju varpi fyrir sig. Útbreiðsla lunda var könnuð en ekki var reynt að leggja tölu á fjölda varppara. Staðsetning og umfang varpanna var færð inn á loftmynd af staðnum og síðan á kort.

Stærð sílamáfsvarpsins var metin á tvennan hátt. Í fyrsta lagi voru fuglar sem lágu á hreiðrum taldir úr fjarlægð og í öðru lagi voru fuglar sem flugu upp við stýggð taldir. Niðurstöður þessara aðferða samræmdust vel.

Til að meta fjölda æðarhreiðra var gengið um þá hluta æðarvarpsins sem þéttastir voru og öll hreiður sem sáust talin. Með þessu náðust nokkuð nákvæmar tölur fyrir æðarvarpið á eyrinni norðan Lágeyjar og á hluta Lágeyjar. Þar sem varpið var strjálá var fjölda hreiðra áætlaður en sú áætlun er ónákvæmari.

Stærð kriúvarpa var metin á eftirfarandi hátt: Í varpinu á vestanverðri Lágey var gengið samsíða fram og aftur um varpið með um 3 m millibili og um leið voru öll hreiður sem sáust talin. Ekki reyndist unnt að ganga um allt varpið sökum þess að þá hefði fuglunum verið haldið of lengi frá hreiðrum sínum og hætta á að egg ofkólnuðu. Þess í stað var niðurstaða talninganna marfölduð upp miðað við áætlað heildarflatarmál varpsins. Til samræmingar voru fuglar á flugi taldir en það er sú aðferð sem einnig var notuð í kriúvarpinu austar á Lágey. Mat á jölda kriupara er ekki nákvæmt en gefur hugmynd um stærð varpanna.

Árið 1981 voru gerðar athuganir á sjófuglabyggðum í Dyrhólaey og Dyrhóladröngum (NÍ, óbirt gögn). Þá var eygni skipt í 13 svæði auk 6 dranga og skerja og á hverju svæði var kannað hvaða tegundir fugla væru til staðar og jöldi þeirra. Þannig fékkst nokkuð gott yfirlit um hvar hægt er að sjá einstakar tegundir. Þessar athuganir voru endurteknaðar í júní 1999 til að sjá hvort einhverjar breytingar haf. átt sér stað síðustu tvo áratugin. Yfirlit sem sýnir staðsetningu sjófugla í og við Dyrhólaey er í 5. töflu og niðurstöður talninga í júní 1981 og júní 1999 eru í 2. viðauka.

Mófuglar voru skráðir jafnóðum og þeir sáust en ekki taldir sérstaklega.

5 FUGLAR

Fuglalíf Dyrhólaeyjar er allvel þekkt og um það hefur verið ritað (sjá 3. kafla). Fuglalíf á eyrinni og í nágrenni hennar er afar fjölbreytt og bergið og drangarnir utan við eyrna eru víða þétt setnir bjargfugli. Mest áberandi er fýll sem verpur í öllum bjargveggjum og í dröngum og skerjum úti fyrir eyrinni. Lundi setur einnig mikinn svip á eyrna þar sem hann situr víða í grónum bjargbrúnum.

Í athugunum Náttúrufræðistofnunar í Dyrhólaey í júní 1999 sást 41 tegund fugla (þar af tvær dauðar) og til viðbótar nefndu heimamenn 4 tegundir. Samtals eru þetta 44 tegundir fugla og er gert ráð fyrir að um 25 þekktar verpi í eyrinni.

Einar H. Einarsson var afkastamikill við fuglaathuganir í Dyrhólaey og í heimildum hans er getið um 47 tegundir fugla í eyrinni. Sé litið á aðrar heimildir bætast engar nýjar tegundir við.

Þegar allt er lagt saman, þ.e. athuganir í júní 1999, tiltækar heimildir og upplýsingar frá heimamönnum er heildartjöldi tegunda 58 og í 1. viðauka er listi yfir þær allar. Í 1. töflu er listi yfir varpfugla Dyrhólaeyjar og athugasemdir um hverja tegund og innan töflunnar er þeim skipt í sjófugla, mófugla, andfugla og aðra fugla. Í 2. töflu er listi yfir fugla sem hafa sést í Dyrhólaey en hafa ekki orpið þar svo vitað sé.

1. tafla. Varpfuglar í Dyrhólaey. Texti er miðaður við athuganir í júní 1999 nema annað sé tekið fram

SJÓFUGLAR:

Fýll	Verpur í öllum bjargveggjum eyjarinnar og í dröngum og skerjum úti fyrir eyrni
Æðarflugl	Mjög þétt æðarvarp norðan við Lágey og nokkuð þétt varp á NV-hluta Lágeyjar
Kjói	Par með hreiður austan við tjarnir við Háeyjarveg
Sílamáfur	Sílamáfsvarp á Háey og í sandhólunum norðvestan Dyrhólaeyjar
Silfur máfur	Verpur í sandhólunum norðvestan Dyrhólaeyjar, í Skeri, í bjargi á vestanverðri Háey og í Þjófaurð
Svartbakur	Verpur í Skeri, Lundadrangi og í sandhólunum norðvestan Dyrhólaeyjar Svartbakshræ á eyri norður með ós
Ríta	Algeng í klettaveggjunum sunnan í Lágey og í austan- og vestanverðri Tó
Kría	Varp á austanverðri Lágey og annað austan lóns, sunnan vegar út í Dyrhólaey
Langvía	Langvíubæli í klettaveggnum í Tónri vestanverðri, í Kambi, Máfadrangi, Lundadrangi og Háadrangi
Álka	Fremur óalgeng en er í Kambi og Lundadrangi
Lundi	Algengur meðfram nær all í vesturhlíð Háeyjar og norður fyrir norðvestur horn hennar, austan í Lágeyrni, í grónum syllum og urðum sunnan undir eyrni og í Kambi

MÓFUGLAR:

Tjaldur	Tvö pör með hreiður nálægt tjörnunum á Lágey og eitt par með hreiður á norðvesturenda Háeyjar
Sandlóa	Stök sandlóa í austurbrekkum Háeyjar. Æst par við lón undir hábjargi Háeyjar
Heiðlóa	Eitt par með hreiður í brekku með vegi upp á Háey
Hrossagaukur	Eitt par við lón undir hábjargi Háeyjar og annað á Háey
Jaðrakan	Verpur við veg út í Dyrhólaey
Spói	Tvö pör í austurbrekkum Háeyjar, par á Háey og par við tjarnir austan Háeyjar
Stelkur	Stakur fugl sást við litla lónið norðan Háeyjar, hópur við Dyrhólaós og hópur á sandeyrinum norðan við Dyrhólaey. Er getið sem varpfugls í heimildum Einars H. Einarssonar
Þúf, titlingur	Par í hundabyggð vestan vita á Háey, tvö pör á norðanverðri Háey og par á Lágey
Maríuerla	Par í hundabyggð vestan vita á Háey, 3 æstar maríuerlur við lón undir hábjargi Háeyjar og 2 pör með hreiður í klettunum ofan við eyri norður með ósi
Steindepill	Eitt par á Háey. Einn stakur kvenfugl sást við lón undir hábjargi Háeyjar og annar í holti austan tjarna á Lágey
Skógarþröstur	15 fuglar í hvönn við lón undir hábjargi Háeyjar
Snjótittlingur	Par með unga í hreiðri á eyri norður með ósi og par á austanverðri Lágey

ANDEFUGLAR:

Grágæs	Nokkur pör voru á norðvesturhorni Háeyjar og í sandhólum norðan eyjar. Á lóninu norðan Háeyjar og á ósnum voru samtals um 30 grágæsir
Stökkönd	Par á sundi á lóni norðan Háeyjar og tvö pör við Dyrhólaós. Hreiður hafa fundist hér og þar um eyna.

ADRIR FUGLAR:

Hrafn	Neðst í bjarginu á vestanverðri Háey var hrafnslaupur árið 1999, hrafn sat á dranga norðan eyjar í sandi og hrafn var á sveimi við Lundadrang
-------	---

2. tafla. Fuglar í Dyrhólaey sem teljast ekki til varpfugla. Texti er miðaður við athuganir í júní 1999 nema annað sé tekið fram

SJÓFUGLAR:

Stormsvala	Tveit fuglar sáust við vitann að næturlagi í ágúst 1990 (Einar Ó. Þorleifsson)
Súla	Situr í Máfadrangi og Lundadrangi. Varp áður í Máfadrangi (Reinsch 1972, Þorsteinn Einarsson 1973, 1987, Einar H. Einarsson 1972, 1983, 1984)
Dílaskarfur	Einn stakur fugl á sandinum vestan Háeyjar
Skúmur	Sást hér og þar, mest sáust sex fuglar á sandinum vestan Dyrhólaeyjar
Hettumáfur	Algengur gestur síðsumars á leirunum við Dyrhólaós. Nefndur í heimildum Einars H. Einarssonar
Stormmáfur	Nefndur í heimildum Einars H. Einarssonar
Bjartmáfur	Bjartmáfsshræ á eyri norður með ósi
Hvítmáfur	Algengur vetrargestur, sást síðla vetrar 1999 (Einar Ó. Þorleifsson)
Teista	Tvær á sjó vestan við Tó

MÓFUGLAR:

Rauðbrystingur	Nefndur í heimildum Einars H. Einarssonar
Sanderla	Fargestur. Hópur sást á sandeyrinni norðan við Dyrhólaey
Sendlingur	Hópur sást á sandeyrinni norðan við Dyrhólaey
Lóuþræll	Hópur sást á sandeyrinni norðan við Dyrhólaey
Tildra	Nefnd í heimildum Einars H. Einarssonar
Óðinshani	Hópur við Dyrhólaós
Svartþröstur	Nefndur í heimildum Einars H. Einarssonar
Gráþröstur	Nefndur í heimildum Einars H. Einarssonar
Stari	Nefndur í heimildum Einars H. Einarssonar

ANDFUGLAR:

Blesgæs	Nefnd í heimildum Einars H. Einarssonar
Rauðhöfðaönd	Nefnd í heimildum Einars H. Einarssonar
Urtönd	Þar sást við hlið á veginum út í Dyrhólaey. Líklegur varpfugl
Skeiðönd	Einn steggur sást á tjörn norðan við veg út í eyna
Straumönd	Tveir steggir og tvær kollur sáust í ósnum
Toppönd	Nefnd í heimildum Einars H. Einarssonar
Gulönd	Nefnd í heimildum Einars H. Einarssonar

ADRIR FUGLAR:

Lómur	Nefndur í heimildum Einars H. Einarssonar
Himbrimi	Hræ á eyri norður með ósi
Haförn	Sást svifa hátt yfir eyna í austurátt í lok maí 1999 (Karl Ragnarsson)
Fálki	Sést oft á sveimi við eyna (Karl Ragnarsson og Stefán Gunnarsson)
Brandugla	Stakur fugl á sveimi á Háey í seinnihluta apríl 1999 (Karl Ragnarsson)
Landsvala	Sást í eygni þann 3. júní 1999 og einnig nokkrum dögum fyrr (Karl Ragnarsson)
Bæjasvala	Nefnd í heimildum Einars H. Einarssonar

32 tegundir

Nokkrar af þeim tegundum sem sést hafa í Dyrhólaey teljast sjaldgæfar á landsvísu og má þar nefna branduglu, skeiðönd, gulönd og haförn. Einnig hafa sést þar fuglar sem eru fargestir hér á landi, þ.e. fuglar sem hafa hér viðdöl á leið sinni til og frá varpstöðvum en þeirra á meðal eru blesgæs, rauðbrystingur, sanderla og tildra. Af öðrum gestum má nefna landsvölu og bæjasvölu, sem eru vorgestir hér á landi og svartþröst og gráþröst sem eru vetrargestir. Fjórar síðasttöldu tegundirnar hafa reynt að verpa hérlendis.

Hér á eftir er umfjöllun um allar tegundirnar sem vitað er að sést hafa í Dyrhólaey. Umfjölluninni er skipt niður í kafla eftir fuglahópum, þ.e. sjófuglar koma fyrst, þá mófuglar, þar næst andfuglar og að lokum nokkrar tegundir fugla sem slegið er saman í „aðrir fuglar” og tilheyra engum af fyrmefndu hópunum.

5.1 Sjófuglar

Sjófuglar eru hér skilgreindir sem þær fuglategundir sem háðar eru sjónum að verulegu leyti með fæðuöflun, verpa við sjó og ala þar nær allan aldur sinn. Í Dyrhólaey hafa alls verið skráðar 19 tegundir sjófugla: fýll, stormsvala, súla, dílaskarfur, æðarfugl, kjói, skúmur, hettumáfur, stormmáfur, sílamáfur, silfurmáfur, bjartmáfur, svartbakur, rita, kría, langvía, álka, teista og lundi. Ein þessara tegunda, bjartmáfur, fannst aðeins sem rekið hræ, en hann er algengur vetrar- og vorgestur á svæðinu. Af þeim tegundum sem sáust eru 11 staðfestir varpfuglar á svæðinu.

Fýll og lundi eru algengustu fuglarnir í Dyrhólaey. Fýllin verpur í öllum bjargveggjum eyjarinnar og í dröngunum úti fyrir eyinni og lundinn er áberandi þar sem hann situr í grónum brekkum og syllum víða um eyna. Í Dyrhóladröngum eru svartfuglabæli einnig þétt setin. Í 1. töflu er listi yfir þær sjófuglategundir sem verpa í Dyrhólaey og í 2. töflu er listi yfir aðra sjófugla. Hér á eftir fer umfjöllun um hverja tegund fyrir sig.

5.1.1 Varpfuglar

Fýll er algengur varpfugl með ströndum um allt land og verpur hann aðallega í björgum og hömrum nálægt sjó, en einnig í klettum og hömrum inn til landsins. Í Dyrhólaey er ekki hægt að komast hjá því að sjá fýl á varptíma því þar er hann mest áberandi allra fugla og verpur í öllum bjargveggjum eyinnar og í dröngum og skerjum úti fyrir henni.

Æðarfugl er einn af algengustu fuglum hérlendis og útbreiddur umhverfis land allt, þó síst við suðurströndina. Æðarfugl hefur frá fyrstu tíð verið helsti nytjafugl Íslendinga, fyrst vegna eggja og kjöts en síðar vegna dúnsins.

Upp úr 1980 fóru menn að stunda æðarrækt í Dyrhólaey. Æðarrækt snýst í meginatriðum um fernt: (i) að hirða dún, (ii) sjá fuglinum fyrir öruggum varplöndum, (iii) venja fuglinn á að verpa í þéttum vörpum og (iv) að bægja óvinum frá. Í þessu skyni var farið að loka Dyrhólaey fyrir allri umferð ferðafólks og óviðkomandi yfir varptímamann (01. maí – 25. júní), í fyrsta sinn sumarið 1982. Fyrstu árin eftir lokunina fjölgaði æðarfugli mjög mikið, úr 80 hreiðrum þegar byrjað var að stunda varpið, í tæplega 400 hreiður árið 1984 (Einar H. Einarsson 1984, Stefán Gunnarsson munnl. uppl.). Samkvæmt upplýsingum Stefáns urpu mest um 800 pör á eyinni um miðjan tíunda áratuginn.

Í athugunum í júní 1999 var áætlað að fjöldi æðarhreiðra í Dyrhólaey hafi verið á bilinu 350–400 og er það helmingsfækkun miðað við hvað sagt er að hafi átt sér stað fyrir nokkrum árum. Mjög þétt og afar fallegt æðarvarp var á um 5 ha svæði í fjörunni undir hömrunum á norðanverðri Lágey en þar voru talin um 160 hreiður. Þar lágu æðarkollur í makindum sínum á hreiðrum í litlum hellisskútum og virtust hafa það

gott. Á Lágey var einnig þétt æðarvarp á um 1 ha svæði austur og suður af tjörnunum við Háeyjarveg en þar voru um 70 hreiður. Fyrir utan þessi þéttu vörp fundust æðarhreiður meðfram veguppfyllingu út í Dyrhólaeyn, svo og hér og þar um alla eyna. Á Lágey má gera ráð fyrir að séu samtals um eða yfir 150 hreiður og á Háey eru sennilega milli 10–50.

Kjóí er algengur varpfugl um allt land, en algengastur við sjó. Í heimildum Einars H. Einarssonar (1972) er kjóí nefndur sem varpfugl í Dyrhólaey og í athugunum í júní 1999 sást eitt par með hreiður á Lágey austan tjarna við Háeyjarveg.

Sílamáfur er algengur varpfugl á Íslandi. Hann verpur í grennd við sjó en þó einnig á láglandi inn til landsins, einkum um sunnan- og vestanvert landið. Í og við Dyrhólaey sáust samtals rúmlega 40 sílamáfspör í júní 1999. Á Háey, norðan vegar var sílamáfsvarp með um 25 pörum (2. kort) og í sandhólum norðvestan eyjar var varp með um 17 pörum. Sílamáf hefur fjölgað í Dyrhólaey síðan 1981 en þá voru 7 hreiður á Lágey (NÍ, óbirt gögn).

Silfurmafur er algengur varpfugl við sjó héraendis, einkum þó á Austfjörðum. Í júní 1999 sáust samtals 9 silfurmafspör við Dyrhólaey. Tvö pör voru í sandhólum norðvestan eynnar, tvö í Skeri, eitt í bjargi á vestanverðri Háey og fjögur hreiður sáust í Þjófaurð.

Svarbakur er algengur varpfugl um allt land og heldur sig mest við sjávarsíðuna þó hann finnist einnig á hálendinu. Við Dyrhólaey sáust samtals 4 svartbakspör í júní 1999, eitt í Skeri og þrjú í Lundadrangi og í sandhólunum norðvestan eyjar voru 3 pör. Að auki fannst hræ á eyri norður með Dyrhólaósi.

Ríta er útbreiddur varpfugl umhverfis landið og algeng í bjargi Dyrhólaeyjar sem snýr í suður, þ.e. frá suðaustur horni hennar og vestur fyrir Tó. Gott er að skoða rituvarpið með því að horfa á vesturvegg Tónnar, t.d. frá bjargbrún rétt austan vita, og í austurvegg Tónnar með því að standa nálægt bjargbrún þar austan við.

Kría er ein algengasta og útbreiddasta fuglategund landsins og er algengust við sjávarsíðuna. Í júní 1999 varp krían í tveimur byggðum í Dyrhólaey. Önnur byggðin er á um 1 ha svæði sunnan vegar út í eyna, í graslandi austan við lónið (2. kort). Um er að ræða mjög þétt varp með um 600–700 hreiðrum. Hin byggðin var á austanverðri Lágey, í grasdal beggja vegna vegar sem liggur að Skoru (2. kort). Það varp var ekki eins þétt því áætlað var að um 600 pör ættu sér hreiður á um 4 ha svæði.

Langvía er algengur varpfugl í björgum landsins og er einn af einkennisfuglum fuglabjarga. Stærstu vörpin eru á Vestfjörðum en minni byggðir umhverfis landið. Í Dyrhólaey eru langvíubæli í Kambi, Máfadrangi, Lundadrangi, Háadrangi og á þeim hluta Tónnar sem snýr í vestur. Best er að sjá langvíubæli með því að horfa á vesturvegg Tónnar, t.d. frá bjargbrún rétt austan vita. Einnig er hægt að skoða hana með góðum sjónauka í dröngunum utan við eyna.

Álka er algengur varpfugl umhverfis landið og langstærsta álkubyggð heims er undir Látrabjargi. Hún er ekki áberandi fugl í Dyrhólaey en verpur þó á tveimur stöðum, í

Kambi og Lundadrangi. Á þessum stað reynist ekki auðvelt að greina hana frá langvíu því fjarlægðin er það mikil.

Lundi er algengur fugl á Íslandi og er stofninn einn sá stærsti á landinu. Lundi hefur verið varpfugl í Dyrhólaey um langan tíma. Hann er áberandi þar sem hann verpur meðfram nær allri vesturhlið Háeyjar og norður fyrir norðvesturhorn hennar, austan í Lágeynni, í grónum syllum sunnan undir eyinni og í Þjófurð. Að auki verpur lundinn í Kambi, einum Dyrhóladranganna. Varpstaðir lunda eru yfirleitt í holum sem þeir grafa sér í grassvörð og þess vegna getur verið erfitt að telja þá. Í eyinni eru til staðir þar sem mjög auðvelt er að komast nálægt lundabyggðinni og skoða fuglana án þess að raska ró þeirra, t.d. á vesturbjargi Háeyjar, skammt norðan vita, og á austurbjargi Lágeyjar.

5.1.2 Sjófuglar sem eru ekki skráðir sem varpfuglar

Stormsvala verpur í eyjum og höfðum við sjó. Hún er varpfugl á Íslandi en nær allur varpstofninn er í Vestmannaeyjum. Varp stormsvölu hefur aldrei verið staðfest í Dyrhólaey en tveir fuglar sáust við vitann að næturlagi í ágúst 1990 (Einar Ó. Þorleifsson).

Súla verpur yfirleitt ofan á sæbröttum eyjum og stöpum eða á syllum utan í þeim. Hér við land eru varpstaðirnir bundnir við suður-, austur- og norðausturströndina. Heimildir eru um að súla hafi orpið í einhverjum mæli í Máfadrangi við Dyrhólaey á árunum 1962–1983 (Reinsch 1972, Þorsteinn Einarsson 1973, 1987, Einar H. Einarsson 1972, 1983, 1984), en seinustu ár hefur ekki borið á varpi. Slæðingur af súlu situr þó árlega á Máfadrangi og Lundadrangi og sveimar þar yfir, en ekki er um varpfugla að ræða (Arnbór Garðarsson 1989).

Dílaskarfur heldur sig meðfram ströndum umhverfis landið árið um kring, en varpstaðir hans eru bundnir við Breiðafjörð og Faxaflóa. Hann heldur sig meðfram ströndum og það má búast við að sjá hann við Dyrhólaey hvenær ársins sem er. Í athugunum í júní 1999 sást einn dílaskarfur sitja uppi í fjöru vestan eyjarinnar og Einar H. Einarsson (1972) nefnir einnig tegundina í ritum sínum.

Skúmur er algengur varpfugl á söndunum á sunnanverðu landinu, þ. á m. í nágrenni Dyrhólaeyjar. Í athugunum í júní 1999 sáust skúmar hér og þar, mest sex fuglar á sandinum vestan eyjarinnar. Skúmar sækja í æti í Dyrhólaey. Þeir ráðast á aðra fugla og neyða þá til að sleppa æti sínu, þeir taka egg og unga og ráðast jafnvel á fullvaxna fugla og drepa og að auki ráðast þeir á lundapysjur og aðra svartfuglsunga þegar þeir yfirgefa varpstöðvarnar. Má ætla að Dyrhólaey sé sannkölluð matarkista fyrir skúm.

Hettumáfur er algengur varpfugl hérlendis og heldur sig aðallega í nágrenni við vötn en einnig við sjó. Í athugunum í júní sást enginn hettumáfur en Einar H. Einarsson (1972) getur um hann í heimild sinni, þó ekki sem varpfugls. Í Dyrhólaey eru hettumáfar algengir gestir síðsumars á leirunum við Dyrhólaós.

Stormmáfur er sjaldgæfur varpfugl hérlendis. Varplendi hans eru einkum óshólmasvæði en einnig vötn og þurrlendi í grennd við sjó. Einar H. Einarsson (1972)

nefnir stormmáf í heimild sinni sem fugl sem hann hafði orðið var við í Dyrhólaey, en í athugunum í júní 1999 sást hann ekki.

Bjartmáfur verpur ekki héraendis en er algengur vetrargestur á strandsvæðum umhverfis landið. Í Dyrhólaey sást enginn lifandi bjartmáfur, en líræ fannst á eyrinni norður með Dyrhólaósi.

Hvítmáfur verpur í grennd við sjó, aðallega við Breiðafjörð og á Vestfjörðum. Í Dyrhólaey er hann algengur vetrargestur og samkvæmt athugunum Einars Ó. Þorleifssonar sást hann þar síðla vetrar árið 1999.

Teista er algengur varpfugl við sjó umhverfis landið, þó einna síst við suðurströndina. Ekki er getið um teistu í Dyrhólaey í heimildum en í athugunum í júní sást tveir fuglar á sundi á sjónum vestan eyinnar sem gæti bent til varps þó varp hafi aldrei verið staðfest í Dyrhólaey.

5.2 Mófuglar

Mófuglar eru hér skilgreindir sem allir vaðfuglar og spörfuglar. Í Dyrhólaey hefur alls verið skráð 21 tegund mófugla: tjaldur, sandlóa, heiðlóa, rauðbrystingur, sanderla, sendlingur, lóuþræll, hrossagaukur, jaðrakan, spói, stelkur, tildra, óðinshani, þúfutittlingur, maríuerla, steindepill, svartþröstur, gráþröstur, skógarþröstur, stari og snjóttittlingur. Af þessum tegundum verpa 11 reglulega í eyrni. Í athugunum í júní 1999 voru allir mófuglar sem sást skráðir og staðsettir. Í 1. töflu er listi yfir tegundirnar en hér á eftir fer umfjöllun um hverja tegund fyrir sig.

5.2.1 Varpfuglar

Tjaldur er algengur varpfugl á láglandi um allt land og verpur yfirleitt í sand- og malarfjörum við sjó. Í Dyrhólaey sást 3 tjaldspör sem áttu hreiður í grasmóunum við tjarnirnar undir austurbrekkum Háeyjar og á norðvesturenda Háeyjar.

Sandlóa verpur víða um land á gróðurlitlum melum, meðfram ám og í fjörum. Í Dyrhólaey sást varppar við lón undir hábjargi Háeyjar og stök sandlóa sást í austurbrekkum Háeyjar.

Heiðlóa er algengur varpfugl um allt land og kjörlendi hennar er á þurru mólendi á láglandi og lágum heiðum. Heiðlóa er strjáll varpfugl í Dyrhólaey og í athugunum í júní 1999 sást aðeins eitt par í brekkunni á austanverðri Háey.

Hrossagaukur er algengur á láglandi og kjörlendi hans er í fjölbreytilegu mólendi, bæði þurru og deigu. Hrossagaukur er strjáll varpfugl í Dyrhólaey. Í athugunum í júní 1999 sást eitt par á Háey og annað á Lágey.

Jaðrakan er láglandisfugl og verpur á votlendissvæðum þar sem gróður er mikill, en einnig í þurru, gróðursælu mólendi. Hann verpur um allt land en þó síst á Austurlandi og Vestfjörðum. Í athugunum í júní 1999 sást eitt par með hreiður við veginn út í eyrna og samkvæmt upplýsingum frá Tómasi G. Gunnarssyni urpu þar á a.m.k. 3 pör.

Spói er algengur varpfugl á láglendi um allt land og varpkjörlendi hans eru mýrar, móar og graslendi. Spói er varpfugl í Dyrhólaey og þar sáust sáust samtals fjögur pör; tvö pör í austurbrekkum Háeyjar, eitt par við tjarnir á Lágey og eitt par á Háey.

Stelkur verpur á láglendi um landið allt og er algengur í bæði votlendi og þurrlendi. Í Dyrhólaey sáust 52 stelkar í hópi annarra vaðfugla á sandeyrinni norðan Dyrhólaeyjar og 20 við Dyrhólaós. Við lónið undir hábjargi Háeyjar sást stelkur en óvíst er hvort hann hefur átt hreiður á svæðinu. Einar H. Einarsson (1983) telur nær víst í grein sinni að stelkur verpi á svæðinu.

Þúfutittlingur er afar algengur varpfugl um land allt en þó aðallega á láglendi. Þúfutittlingur er varpfugl í Dyrhólaey. Í lundabyggðinni vestan vita sást eitt par, tvö pör á norðanverðri Háey og eitt par á Lágey.

Maríuerla verpur í klettum eða á mannvirkjum og hún heldur sig gjarnan við læki, ár og vatnsbakka. Í athugunum í júní 1999 sást maríuerlupar í lundabyggðinni á vestanverðri Háey, tvö pör voru í hömrnum á norðanverðri Lágey og 3 æstar maríuerlur voru við lónið undir hábjargi Háeyjar. Gera má ráð fyrir að maríuerla verpi mjög víða í björgunum.

Steindepill verpur í hraunum, urðum og klettum um mestallt land, þ. á m. í Dyrhólaey. Stakur kvenfugl sást við lónið undir hábjargi Háeyjar, annar stakur kvenfugl í holti austan tjarna á Lágey og uppi á Háey sást eitt par sem var örugglega varppar.

Skógarþröstur verpur í skóg- og kjarrlendi um land allt, svo og í grasmóum, hrauni og húsagörðum. Í hvönn í norðanverðu Háeyjarbjargi sáust 15 skógarþrestir og nær öruggt er að hann er varpfugl í vel grónum hlíðum á svæðinu.

Snjótittlingur velur sér varpstað í holtum, urðum og hraunum um land allt og hann er staðfestur varpfugl í Dyrhólaey. Í hömrnum á norðanverðri Lágey var par með unga í hreiðri og á austanverðri Lágey sást syngjandi karlfugl.

5.2.2 Mófuglar sem eru ekki skráðir sem varpfuglar

Rauðbrystingur er fargestur hér á landi, þ.e. hefur hér viðdvöl á leið sinni til og frá varpstöðvum sínum í Grænlandi og heimskautaejum Kanada. Áætlað hefur verið að um 270 þúsund fuglar fari hér um á vorin og haustin (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1992). Samkvæmt heimildum Einars H. Einarssonar hafa rauðbrystingar komið við í Dyrhólaey en í athugunum í júní 1999 sáust engir fuglar af þessari tegund, enda eru fuglamir þá yfirleitt farnir hjá.

Sanderla er reglulegur fargestur hér á landi og hefur viðdvöl á sendnum sandfjörum á leið sinni til og frá varpstöðvum sínum í Grænlandi og heimskautaejum Kanada. Giskað hefur verið á að a.m.k. 8.000 fuglar fari hér um vor og haust (Guðmundur A. Guðmundsson og Áke Lindström 1992). Í júní 1999 sáust rúmlega 80 sanderlur í hópi annarra vaðfugla á sandeyrinni norðan Dyrhólaeyjar.

Sendlingur verpur víða um land, aðallega á hálendinu, en einnig víða niður undir fjöru. Ekki er vitað til að sendlingur hafi orpið í Dyrhólaey en í júní 1999 sáust 5 fuglar í hópi annarra vaðfugla á sandeyrinni norðan eyjarinnar.

Lóupræll verpur í mýrum og deigu votlendi um allt land. Ekki er vitað til að hann hafi orpið við Dyrhólaey en í júní 1999 sáust 11 lóuprælar í hópi annarra vaðfugla á sandeyrinni norðan Dyrhólaeyjar.

Tildra er far- og vetrargestur hérlendis. Hún hefur hér viðdvöl á leið sinni til og frá varpstöðvum sínum á Grænlandi og heimskautaejum Kanada. Áætlað er að fjöldi tildra sem fer um landið vor og haust nemi tugum þúsunda (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993). Varp hefur aldrei verið staðfest hér á landi. Engin tildra sást í athugunum í Dyrhólaey í júní en hennar getið í grein Einars H. Einarssonar (1972).

Óðinshani er algengur varpfugl á votlendissvæðum um allt land, bæði á há- og láglendi. Í athugunum í júní sáust 25 óðinshantar í fjörunni við Dyrhólaós. Óðinshani er ekki staðfestur varpfugl í Dyrhólaey en ekki er ólíklegt að tegundin verpi í nágrenninu.

Svartþröstur er árlegur vetrargestur hér á landi. Hann heldur sig í grennd við mannabústaði og velur sér ýmiss konar staði til varps. Hérlendis hefur hann alloft reynt að verpa og stundum komið upp ungum, aðallega á Suðurlandi, og hugsanlegt er að hann eigi eftir að ná hér fóttfestu. Í grein Einars H. Einarssonar (1972) er getið um svartþröst í Dyrhólaey.

Gráþröstur er árviss flækingsfugl hér á landi sem hefur oft vetrardvöl. Hann heldur sig nálægt mannabústöðum og hefur oft gert tilraunir til varps hérlendis, bæði á Suður- og Norðurlandi. Getið er um gráþröst í Dyrhólaey í grein Einars H. Einarssonar (1972).

Stari er tiltölulega nýr landnemi hérlendis og verpur orðið víða um land. Ekki er vitað til að hann verpi í Dyrhólaey en Einar H. Einarsson (1972) getur um hann í grein sinni.

5.3 Andfuglar

Til andfugla teljast svanir, gæsir, gæsændur og endur. Að æðarfugli undanskildum (en hann var talinn með sjófuglum) hafa alls verið skráðar 9 tegundir andfugla í Dyrhólaey: blesgæs, grágæs, rauðhöfðaönd, urtönd, stokkönd, skeiðönd, straumönd, toppönd og gulönd. Af þeim eru aðeins tvær tegundir sem varp hefur verið staðfest hjá, grágæs og stokkönd, en hugsanlegt er að a.m.k. urtönd og toppönd verpi á svæðinu. Af andfuglum í Dyrhólaey var grágæsin langmest áberandi. Í 1. töflu er listi yfir tegundirnar sem sáust en hér á eftir fer umfjöllun um hverja tegund fyrir sig.

5.3.1 Varpfuglar

Grágæs verpur á láglendi um land allt, einkum í eyjum, árhólmum, grónum söndum og kvistlendi. Í Dyrhólaey er grágæs tíður varpfugl umhverfis Dyrhólaós og var hún

mest áberandi tegundin í hópi andfugla. Í sandhólunum norðan eyjar sást eitt par og á Háey flugu þrjú pör upp nálægt brúnum bjargsins. Samkvæmt Stefáni Gunnarssyni hefur gæs orpið norðan og vestan á Háey og einnig á Lágey. Fyrri athugunardaginn í júní 1999 sáust 13 fuglar á lóninu norðan Háeyjar og þann seinni 16 fuglar í Dyrhólaósi. Hugsanlegt er að um sömu fuglana hafi verið að ræða.

Stökkönd er algeng um allt land, einkum á láglandi. Kjörsvæði hennar eru fjölbreytileg og hún verpur bæði í deiglandi og þurrum svæðum. Í júní 1999 sást eitt stokkandarpar á lóninu við veg út í Dyrhólaey og tvö pör voru við Dyrhólaós. Samkvæmt Stefáni Gunnarssyni verpur tegundin á svæðinu og hreiður hafa stundum fundist víða um eyna.

5.3.2 Andfuglar sem eru ekki skráðir sem varpfuglar

Blesgæs er fargestur á Íslandi sem kemur hér við vor og haust á leið sinni til og frá varpstöðvum sínum á Vestur-Grænlandi. Í heimildum sínum nefnir Einar H. Einarsson (1972) að hann hafi orðið var við blesgæs í Dyrhólaey í athugunum sínum.

Rauðhöfðaönd verpur á láglandi um mest allt land og heldur sig einkum á votlendissvæðum á sumrin en meðfram sjó á veturna. Varp hennar er ekki staðfest í Dyrhólaey en hugsanlegt að hún verpi norðan Dyrhólaóss. Hún sást ekki í athugunum í júní 1999 en hennar er getið í grein Einars H. Einarssonar (1972) sem fugls sem hann varð var við í eynni.

Urtönd er algeng á láglandi við vötn, tjarnir, læki og skurði. Í Dyrhólaey sást eitt urtandarpar nálægt tjörnunum við veg upp á Háey og ekki er ólíklegt að um varppar hafi verið að ræða.

Skeiðönd er sjaldgæfur varpfugl hér á landi og finnst aðeins á nokkrum svæðum, aðallega í Þingeyjarsýslum. Hún verpur á lífauðugum votlendissvæðum, helst í grennd við sjó. Í júní 1999 sást skeiðandarsteggur á tjörn norðan vegar út í Dyrhólaey en ólíklegt er að um varpfugl hafi verið að ræða.

Straumönd verpur um land allt og heldur sig við straummikla læki og ár. Í athugunum í júní 1999 voru fjórar straumendur við ós austan Lágeyjar, tveir steggir og tvær kollur. Einar H. Einarsson (1972) varð einnig var við straumendur í Dyrhólaey en ólíklegt er að þær hafi orpið þar.

Toppönd verpur um allt land en þó sjaldnast á hálendinu. Kjörlandi hennar er á gróskumiklum svæðum og í grennd við votlendi. Toppönd sást ekki í athugunum í Dyrhólaey í júní 1999, en hennar er getið í heimildum Einars H. Einarssonar (1972), þó ekki sem varpfugls. Hugsanlegt er að hún verpi á svæðinu.

Gulönd er strjáll varpfugl hér á landi og heldur sig við ár og langt inn í land, þó sjaldnast á hálendinu. Í athugunum í júní 1999 sáust engar gulendur en Einar H. Einarsson (1972) getur um tegundina í heimildum sínum.

5.4 Aðrir fuglar

Í Dyrhólaey hafa verið skráðar nokkrar tegundir fugla sem ekki falla undir fyrrnefnda hópa. Þær eru: himbrimi, haförn, fálki, brandugla, landsvala, bæjasvala og hrafn. Af þessum tegundum er aðeins vitað til þess að hrafninn hafi orpið í eygni. Í 1. töflu er listi yfir tegundirnar en hér á eftir fer umfjöllun um hverja tegund fyrir sig.

5.4.1 Varpfuglar

Hrafn gerir sér hreiður í klettum. Eitt hrafnsóðal fannst á athugunarsvæðinu og var laupurinn neðst í bjargi Háeyjar sem snýr í vestur. Einn hrafn sást á dranga í sandinum norðan eyjar og annar var á sveimi við Lundadrang (e.t.v. sami fuglinn).

5.4.2 Aðrir fuglar sem eru ekki skráðir sem varpfuglar

Lómur er strjáll varpfugl á láglandi Íslands og verpur aðallega við vötn og tjarnir en stundum einnig við ár inn til landsins og út að sjó. Einar H. Einarsson (1972) nefnir lóm í Dyrhólaey en í athugunum í júní 1999 sást enginn fugl af þessari tegund.

Himbrimi er strjáll varpfugl sem heldur sig á stórum vötnum á heiðum og láglandi. Á veturna eru þeir á sjó meðfram ströndum. Í júní 1999 fannst gamalt himbrimahrae á eyrinni norður með Dyrhólaós. Ólíklegt er að himbrimi verpi á svæðinu og hefur þennan fugl væntanlega rekið á land.

Haförn er afar sjaldgæfur og heldur sig aðallega við sjó. Varpstofninn nemur aðeins 35–40 pörum og þau eru öll á Vesturlandi og Vestfjörðum. Í heimildum er þess getið að haförn sjáist reglulega svífa yfir fjöllum í Mýrdal og að hann hafi orpið á a.m.k. þremur stöðum á svæðinu fram undir aldamótin 1900 (Einar H. Einarsson 1955). Fyrir 1930 hætti þessi konungur fuglanna að láta sjá sig í Mýrdal. Í athugunum í júní höfðum við tal af Karli Ragnarssyni smiði í vitanum í Dyrhólaey og hann sagðist hafa séð haförn svífa hátt yfir eyna í austurátt í lok maí 1999.

Fálki heldur sig einkum á láglandi og á mörkum lág- og hálendis, mest norðanlands. Hann verpur dreift og kýs helst kletta sem varplendi. Samkvæmt Stefáni Gunnarssyni og Karli Ragnarssyni er fálki oft á sveimi við Dyrhólaey.

Brandugla verpur strjált á láglandi Íslands. Hún heldur sig aðallega í gróðurmiklu mó- og mýrlendi en einnig heima við bæi og í skógum. Samkvæmt upplýsingum frá Karli Ragnarssyni var brandugla á sveimi á Háey í seinnihluta apríl 1999. Ekki er vitað til að hún hafi orpið í eygni en samkvæmt upplýsingum frá Stefáni Gunnarssyni var varp hennar staðfest við bæinn Garðakot í Dyrhólahverfi, skammt frá Dyrhólaey.

Landsvala er flækingsfugl sem kemur árlega hingað til lands á vorin. Hér hefur hún orpið yfir 20 sinnum svo vitað sé (Ævar Petersen 1998). Samkvæmt upplýsingum frá Karli Ragnarssyni sá hann landsvölu í Dyrhólaey þann 3. júní 1999 og einnig nokkrum dögum fyrr. Hann nefndi einnig að landsvala hefði eitt sinn orpið í Vík í Mýrdal og Einar H. Einarsson nefnir það einnig í heimildum sínum (1968).

Bæjasvala er flækingsfugl sem er árlegur vorgestur hér á landi og hefur reynt að verpa hér 5 sinnum svo vitað sé (Ævar Petersen 1998). Í grein sinni nefnir Einar H. Einarsson (1972) bæjasvölu í Dyrhólaey.

6 DREIFING FUGLA

Í Dyrhólaey er fuglalíf fjölbreytt og skiptir nánast engu máli hvar á eyinni; allsstaðar gefur að líta fugla af hinum ýmsu tegundum. Á 1. korti er sýnd staðsetning og umfang æðarvarps, kríuvarps, sílamáfvarps og lundabyggðar eins og vörpin voru í júní 1999.

Á Lágey er kría áberandi fugl þar sem hún verpur á tveimur svæðum (1. kort), samtals 1.200–1.300 pör eða tæplega 3 þúsund fuglar. Við styggð flýgur hún upp í þéttum hópum og getur verið nokkuð árásgjörn við þá sem henni líkar ekki við, hvort sem það eru dýr, menn eða bílar.

Æðarfuglinn kýs oft að verpa í nágrenni kríu og í Dyrhólaey er nokkuð þétt æðarvarp mitt á milli kríuvarpanna og á eyrinni norðan Lágeyjar (1. kort). Það fer heldur minna fyrir æðarfuglinum en kríunni, sérstaklega eftir að blikinn yfirgefur varpið. Þá liggja kollurnar sem fastast á hreiðrum sínum og eru mjög samlitar umhverfinu.

Sílamáfurinn varp áður á Lágey (NÍ, óbirt gögn) en verpur nú á Háey (1. kort). Sílamáfurinn er af mörgum talinn tignarlegur fugl en aðrir álíta hann vera til óskunda t.a.m. í æðarvörpum.

Þar sem lundar verpa í holum er afar seinlegt verkefni að telja þá og þar sem þeir verpa í urðum er það nær ógerlegt. Í júní 1999 var ekki lagt út í talningar á lundum í Dyrhólaey og því vitum við ekkert um fjölda fugla af þessari tegund en varpdreifingin er þekkt. Á Háey er nær samfelld lundabyggð frá suðvesturhorni eyjarinnar norður fyrir hábjarg og á austur- og norðausturhluta Lágeyjar verpur hann nokkuð samfelld (1. kort).

Til að auðvelda yfirsýn yfir það hvar hægt er að sjá einstakar sjófuglategundir í Dyrhólaey og Dyrhóladröngum var 5. tafla sett upp, en þar er stuðst við sömu svæðaskiptingu og notuð var í sjófuglatalningum (2. kort).

3. tafla. Staðsetning sjófugla í Dyrhólaey í júní 1999

	Fýll	Súla	Æður	Síla- máfur	Silfur- máfur	Svart- bakur	Rita	Kría	Lang- vía	Alka	Lundi
1. svæði	x						x				
2. svæði	x						x		x		x
3. svæði	x										x
4. svæði	x										x
5. svæði	x										
6. svæði	x										x
7. svæði	x										x
8. svæði	x										x
9. svæði	x										x
10. svæði	x						x				
11. svæði	x						x				x
12. svæði	x						x				
13. svæði	x						x				
Lágey			x					x			
Hácy				x							
Kambur	x						x		x	x	x
Máfadrangur	x	x					x		x		
Lundadrangur	x	x				x	x		x	x	
Háidrangur	x						x		x		
Skar	x				x	x					
Arnadrangur	x										x

7 TALNINGAR

Talningar á fuglum gefa hugmyndir um stofnstærðir tegunda á tilteknum svæðum og með því að telja sama svæði oftar en einu sinni má sjá hvort einhverjar stofnstærðarbreytingar eigi sér stað.

Í Dyrhólaey voru sjófuglar taldir dagana 11.–12. júní 1981 en það voru: fýll, langvía, álka, rita, svartbakur, silfurmáfur, sílamáfur og súla. Ekki var unnt að telja lunda, en skráð var hvar lundabyggðir voru staðsettar. Eynni var skipt í 13 talningarsvæði auk 6 dranga (1. kort). Fuglar á svæðum 1–2 og 9–13 voru taldir ofan frá bjargbrún en á svæði 3–8 var talið neðan frá. Fuglar í drongum voru taldir frá landi og því var aðeins unnt að telja í þeim hluta dranganna sem er sjáanlegur þaðan. Til að sjá hvort einhverjar stofnstærðarbreytingar eða breytingar á búsvæðum hafí átt sér stað síðustu 18 árin voru talningarnar endurteknaðar dagana 4.–5. júní 1999 og voru sömu aðferðir notaðar og áður. Niðurstöður beggja talninga eru í 2. viðauka en hér á eftir fer stutt samantekt fyrir hverja tegund.

Fýll hefur fjölgað víða um land síðustu tvær aldirnar og búist var við að svo væri einnig í Dyrhólaey. Niðurstöður talninganna sýndu þó að verpandi fýll í Dyrhólaey hefur fækkað úr 2.759 pörum niður í 2.542. Fýll varp á öllum svæðum bæði talningarárin nema hvað hann varp ekki í Arnadrangi 1981 eins og hann gerði 1999.

Langvíu er aðeins að finna á einu talningasvæði í bjargveggjum Dyrhólaeyjar, en að auki er hún í Kambi, Máfadrangi, Lundadrangi og Háadrangi. Árið 1999 voru heldur fleiri langvíur en árið 1981, 2.675 á móti 2.365. Árið 1984 gerði Arnþór Garðarsson (1995) talningar á svartfuglum í Dyrhólaey og dröngunum. Talningar hans byggjast að mestu á myndum sem teknar voru úr lofti auk þess sem tegundasamsetning var skoðuð á hverjum stað. Niðurstöður Arnþórs bentu til að í Dyrhólaey og dröngunum yrpu samtals 4.360 langvíupör. Þetta er mun hærri tala en sú sem fékkst úr talningum árin 1981 og 1999, enda er um mjög mismunandi talningaaðferðir að ræða og eru niðurstöður talninganna því varla samanburðarhæfar.

Álka telst afar illa í bjargi. Í talningum 1981 sáust 7 pör en árið 1999 sáust 38 pör. Munurinn felst í því að á 2. svæði þar sem áður voru 4 pör voru engin árið 1999, í Kambi fjölgaði hreiðrum úr 3 í 22 og í Lundadrangi þar sem engin álka var árið 1981 eru nú komin 16 pör. Til að meta fjölda álku taldi Arnþór Garðarsson (1995) svartfugla á sjónum undir bjarginu og reiknaði út frá hlutfallinu á milli álku og langvíu. Út frá því var áætlað að um 300 álkupör yrpu í Dyrhólaey árið 1984, sem er miklu meira en talningar í bjargi sýna.

Ritu fjölgaði nokkuð milli talninga, úr um 1.400 pörum upp í um 1.900 pör. Sú breyting hefur orðið á að hún er byrjuð að verpa á 1. og 10. talningasvæði, en hætt að verpa á 9. svæði. Henni fækkaði í Lundadrangi og Háadrangi en á öðrum svæðum var fjöldi óbreyttur eða hann jókst. Arnþór Garðarsson taldi 2.236 rituhreiður í Dyrhólaey og dröngunum umhverfis hana árið 1984. Það er meira en sást í talningum 1981 og 1999 enda taldi Arnþór einnig í þeim hlutum dranganna sem ekki sjást frá landi (Arnþór Garðarsson 1996).

Svartbakur varp í Lundadrangi og Skeri árið 1981, samtals sáust 7 pör. Árið 1999 varp hann á sömu stöðum en hreiðrum hafði fækkað niður í 4 og er það í takt við fækkun annars staðar á landinu.

Silfurmafur varp á talningasvæðum 9–12, í Lundadrangi og Skeri árið 1981, samtals 13 hreiður. Í talningunum 1999 sáust aðeins 2 silfurmafshreiður og þau voru í Skeri.

Sílamáfi fjölgaði töluvert í Dyrhólaey milli talninga andstætt svartbaki og silfurmáfi, úr 7 pörum upp í 25. Sílamáfsvörpin voru ekki á hinum eiginlegu talningasvæðum. Árið 1981 var sílamáfsvarp austan tjarnanna á Lágey. Það er ekki lengur til, heldur er komið varp á norðaustanverðri Háey.

Súlur sem sáust í talningunum árið 1981 voru aðeins 5 og voru þær í Máfadrangi. Árið 1999 voru þær hins vegar 128 og voru þær í Máfadrangi og Lundadrangi. Þetta eru súlur sem sátu uppi á dröngunum en urpu ekki.

Lundi varp á 13 talningasvæðum árið 1981 en ekki nema á 10 svæðum árið 1999. Helstu breytingar sem hafa átt sér stað eru að 1999 voru lundabyggðir á svæðum 7–8 sem voru ekki til staðar áður. Hins vegar sást enginn lundur á svæðum 10 og 12 og í Máfadrangi, Lundadrangi og Háadrangi árið 1999, en þar voru lundabyggðir árið 1981. Gíska má á að fjöldi lunda í Dyrhólaey sé á bilinu 2.500–8.000 pör

8 NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Fyrir þá sem hafa unun af nálægð við stórbrotna náttúru er Dyrhólaey tilvalinn viðkomustaður. Á þessum stað er hægt að virða margar tegundir fugla fyrir sér af stuttu færi og með sjónauka er einnig er hægt að fylgjast með fuglalífi í dröngunum úti fyrir eygni. Með því að fara á bát út á sjóinn má fylgjast með umferð sjófugla úti fyrir eygni. Segja má að Dyrhólaey sé mjög skemmtilegur staður til að fylgjast með koinu farfugla því á góðum degi má sjá þúsundir fugla fara um svæðið. Sumar tegundir hafa viðkomu í eygni, aðallega á leirum við Dyrhólaós.

Umferð um Dyrhólaey hefur aukist mjög á undanförunum áratugum og er vitinn vinsæll áningastaður ferðamanna. Auðvelt er fyrir gangandi fólk að komast niður í lundabrekkurnar vestan við vitann og einnig er algengt að fólk fái sér göngu á bjargbrúnirnar austan vitans. Ótakmörkuð umferð ferðamanna í Dyrhólaey getur valdið skemmdum á gróðri og truflun á dýralífi í eygni og því má því telja mikilvægt skref að leggja göngustíga og beina umferð á ákveðna staði til að verja lífríkið fyrir ágangi. Ágætt væri að hafa göngustíga með brúnum en við lundavörp þyrfti göngustígurinn að liggja 4–5 m frá næstu lundaholum. Þar væri einnig gott að marka stíga af með böndum. Með því móti væri hægt að hindra það að fólk fari of nálægt hreiðurholum en í staðinn væri hægt að hafa útskot á brúnir þar sem sést yfir byggðirnar. Þannig myndu fuglarnir venjast umferðinni og ferðamenn gætu áfram skoðað það sem þeir vilja sjá í eygni um leið og náttúran væri vernduð. Góð hugmynd væri að koma upp skoðunarskýli með kíkum á góðum stað á Háey.

Á svæði sunnan og austan vita (sjá 2. talingasvæði á 2. korti) hefur hrunið mikið úr bjarginu og getur þetta svæði verið hættulegt gangandi fólk. Þarna vantar merkingar sem vara fólk við að fara of nálægt brúnum. Hrunið útskýrir að hluta hversu lítið er þar af fuglum en einnig skortir þar syllur í sléttum móbergsveggjunum.

Í athugunum í júní 1999 kom í ljós að æðarvarp í Dyrhólaey er mjög dreift og í raun má búast við að sjá æðarhreiður hvar sem er í eygni. Því má ætla að einu af meginatriðum æðarræktar hafi ekki verið fylgt nægilega vel eftir eða ekki tekist, þ.e. að venja fuglinn á að verpa í þéttum vörpum. Hins vegar, ef lítið er til lokunar Dyrhólaeyjar fyrir allri umferð ferðamanna á varptíma, getur hún haft áhrif í þá átt að æðarfuglinn verpi strjált. Um leið og fuglinn verður ekki var við neina umferð telur hann sig öruggan hvar sem er og verpur þess vegna þar sem honum sýnist. Sú aðgerð að loka Dyrhólaey fyrir allri umferð ferðamanna yfir varptíma þarf því ekki að vera nauðsynleg til að vernda fuglalíf í eygni. Mikilvægara væri að takmarka umferð á ákveðnum svæðum, þ.e. í þéttustu fuglabyggðunum eins og æðarvarpinu, kríuvarpinu og lundabyggðunum. Síðan mætti stjórna umferð um önnur svæði eyunnar með góðri skipulagningu göngustíga.

Hvað lundavarpið áhrærir eru ekki til neinar nákvæmar tölur um stærð þess heldur byggja þær á ágiskun. Það er tillaga Náttúrufræðistofnunar Íslands að á næstu árum verði lundavarpið í Dyrhólaey skoðað betur en gert hefur verið með því að telja í byggðum og fá þannig nákvæmar upplýsingar um stöðu stofnsins. Í framhaldinu væri hægt að vakta fuglalíf með reglulegu millibili og fylgjast með þeim breytingum sem kunna að eiga sér stað.

Hvaða breytingar sem kunna að verða gerðar í skipulagi Dyrhólaeyjar á næstu árum má telja mikilvægast að leyfa fuglalífi í eyinni að dafna og þróast eftir eigin lögmálum.

9 RITASKRÁ

- Arnþór Garðarsson 1989. Yfirlit yfir íslenskar súlubyggðir. Bliki 7: 1–22.
- Arnþór Garðarsson 1995. Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum. Bliki 16: 47–65.
- Arnþór Garðarsson 1996. Ritubyggðir. Bliki 17: 1–16.
- Einar H. Einarsson 1955. Breytingar á fuglalífi í Mýrdal frá því um 1920. Náttúrufræðingurinn 25(2): 99–102.
- Einar H. Einarsson 1968. Sjö þættir um fugla. Goðasteinn 7(1): 3–17.
- Einar H. Einarsson 1972. Fuglalíf Dyrhólaeyjar. Týli 2(2): 63–64.
- Einar H. Einarsson og Stefán Gunnarsson 1983. Friðlandið Dyrhólaey. Suðurland 15.9., 31(18): 4.
- Einar H. Einarsson og Stefán Gunnarsson 1984. Friðlandið Dyrhólaey. Þjóðólfrur 29.2., 23(2): 15.
- Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993. Numbers, geographic distribution and habitat utilization of waders (Charadrii) in spring on the shores of Iceland. *Ecography* 16: 82–93.
- Guðmundur A. Guðmundsson og Áke Lindström 1992. Spring migration of Sanderlings *Calidris alba* through SW Iceland: Wherefrom and whereto? *ARDEA* 80: 315–326.
- Reinsch, H. H. 1972. Zwei neue Basstöpel-Kolonien bei Island. *Beitr. Vogelkd.* 18(5–6): 364–366.
- Þorsteinn Einarsson 1973. Súlubyggðin í Mávadrang við Dyrhólaey. Týli 3(2): 71–72.
- Þorsteinn Einarsson 1987. Íslenskar súlubyggðir og saga þeirra. Náttúrufræðingurinn 57(4): 163–184.
- Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. 312 bls.

10 VIÐAUKAR

1. viðauki. Skráðar fuglategundir í Dyrhólaey. × táknar að tegundin sást og V táknar varpfugl

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	
Lómur	<i>Gavia stellata</i>	×
Himbrimi*	<i>Gavia immer</i>	×
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	V
Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>	×
Súla	<i>Sula bassana</i>	×
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>	×
Blesgæs	<i>Anser albifrons</i>	×
Grágæs	<i>Anser anser</i>	V
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	×
Urtönd	<i>Anas crecca</i>	×
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	V
Skeiðönd	<i>Anas clypeata</i>	×
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>	V
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	×
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	×
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>	×
Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>	×
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	×
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	V
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	V
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	V
Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>	×
Sanderla	<i>Calidris alba</i>	×
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	×
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	×
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	V
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	V
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	V
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	V
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	×
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	×
Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>	V
Skúmur	<i>Stercorarius skua</i>	×
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	×
Stormmáfur	<i>Larus canus</i>	×
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	V
Silfurmáfur	<i>Larus argentatus</i>	V
Bjartmáfur*	<i>Larus glaucoides</i>	×
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	×
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	V
Rita	<i>Rissa tridactyla</i>	V
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	V
Langvía	<i>Uria aalge</i>	V
Álka	<i>Alca torda</i>	V
Teista	<i>Cepphus grylle</i>	×
Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	V
Brandugla	<i>Asio flammeus</i>	×
Landsvala	<i>Hirundo rustica</i>	×
Bæjasvala	<i>Delichon urbica</i>	×
Búfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	V

Mariuerla	<i>Motacilla alba</i>	V
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	V
Svartþröstur	<i>Turdus merula</i>	x
Gráþröstur	<i>Turdus pilaris</i>	x
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	V
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	V
Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>	x
Snjótittlingur	<i>Plectrohenax nivalis</i>	V

* Aðeins hræ fundið

Alls 58 tegundir

2. viðauki. Niðurstöður sjófuglatalninga í Dyrhólaey 11.–12. júní 1981 og 4.–5. júní 1999. Svæðaskipting er samkv. 1. korti. Tölur eru gefnar upp sem fjöldi para, nema hjá langvíu þar sem um er að ræða fjölda fugla. × í dálki lunda táknar að lundabyggð var á svæðinu.

	Fýll		Súla		Silfurmáfur		Svartbakur		Rita		Langvía		Álka		Lundi		
	Ár:	1981	1999	1981	1999	1981	1999	1981	1999	1981	1999	1981	1999	1981	1999	1981	1999
Dyrhólaey - svæði 1		113	124														
Dyrhólaey - svæði 2		159	101						557	875	415	351	4		×	×	
Dyrhólaey - svæði 3		308	353												×	×	
Dyrhólaey - svæði 4		176	85												×	×	
Dyrhólaey - svæði 5		10	10														
Dyrhólaey - svæði 6		87	72												×	×	
Dyrhólaey - svæði 7		81	120													×	
Dyrhólaey - svæði 8		218	357													×	
Dyrhólaey - svæði 9		66	75			2			40						×	×	
Dyrhólaey - svæði 10		109	65			1				63					×		
Dyrhólaey - svæði 11		197	115			3			45	200					×	×	
Dyrhólaey - svæði 12		240	75			1			37	57					×		
Dyrhólaey - svæði 13		32	21						72	226							
Kambur		58	93						56	54	115	165	3	22	×	×	
Máfadrangur		102	170	5	87				60	136	660	580			×		
Lundadrangur		239	500		41	3		6	3	288	110	340	535	16	×		
Háidrangur		562	187						239	142	835	1044			×		
Sker		2	10			3	2	1	1								
Arnardrangur			9												×	×	
Samtals:		2759	2542	5	128	13	2	7	4	1394	1891	2365	2675	7	38		

Ath! Aðeins talið í þeim hluta dranganna sem snýr að landi.


Einungis hluti Máfadrangs, Lundadrangs og Háadrangs talinn.

Kambur sést nánast allur af landi.


1. kort. Kort sem sýnir búsvæði nokkurra sjófugla í Dyrhólaey í júní 1999

Skýringar:

- Æðarvarp
- Sílamáfsvarp
- Kríuvarp
- Lundabyggð



2. kort. Skipting Dyrhólaeyjar í talningasvæði í sjófuglatalningum 1981 og 1999



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 562 9822 Bréfasími 562 0815 Netfang ni@ni.is
Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 462 2983 Bréfasími 461 1296 Netfang nia@ni.is